

Fundargerð 434. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2021, föstudaginn 30. apríl kl. 10:30 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Eydís Ásbjörnsdóttir, Guðmundur M Kristjánsson, Hanna Björg Konráðsdóttir, Magnús Þór Ásmundsson, Pétur Ólafsson, Rebekka Hilmarsdóttir, Alexandra Jóhannesdóttir, Björn Arnaldsson og Ólafur Þór Snorrason.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 433. fundar - 2102001HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 433. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 19. mars 2021.

Fundargerðin samþykkt og verður staðfest með undirskrift stjórnarmanna.

2. Hafnafundur 2021 - 2101001HA

Rætt um hafnasambandsfund sem fyrirhugað er að halda 20. maí 2021.

Stjórn samþykkir að fresta þinginu til 3. september til að tryggja að hægt verði að halda staðfund.

3. Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórna - eftirlit Fiskistofu o.fl. - 2104001HA

Lagt fram erindi frá atvinnuveganefnd Alþingis, dags. 15. apríl 2021, þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnar (eftirlit Fiskistofu o.fl.), 704. mál. Einnig lögð fram umsögn hafnasambandsins um málið.

4. Sumarstarf við verkefni tengd rekstri og gagnavinnslu á sviði sveitarfélaga - 2104002HA

Formaður gerði grein fyrir því að búið væri að ráða Sesselíu Dan Róbertsdóttur í tímabundið sumarstarf til að greina fjárhagsstöðu íslenskra hafna og framkvæmdaþörf þeirra.

5. Hafnasamband Íslands - ársreikningur 2020 - 2103004HA

Lagður fram ársreikningur hafnasambandsins fyrir árið 2020 áritaður af reikningshaldara. Kjörnir skoðunarmenn hafa samþykkt reikninginn og leggja til að hann verði samþykktur. Engar athugasemdir hafa borist frá aðildarhöfnunum.

Ársreikningurinn samþykktur og staðfestur með rafrænni undirritun stjórnarmanna.

6. Verkefnakort hafnasambandsins 2019 - 2102003HA

Lagt fram að nýju uppfært verkefnakort Hafnasambands Íslands fyrir árið 2021.

Stjórn samþykkir uppfært verkefnakort fyrir Hafnasamband Íslands.

Magnús Þór Ásmundsson kom inn á fund kl. 11:20.

7. Leyfi til umskipunar olíu - 2104004HA

Lagður fram tölvupóstur frá Birgittu Rúnarsdóttur, verkefnastjóra Fjarðabyggðarhafnar, dags. 26. apríl 2021, um leyfi til umskipunar olíu, ásamt fylgiskjölum.

Hafnasambandið gerir athugasemdir við gildandi reglugerð og gerir kröfu um að henni verði breytt þannig að skylt verði að leita álits og umsagnar hjá viðkomandi hafnaryfirvöldum varðandi óskir um umskipun á olíu í fjörðum og innan hafnarsvæða.

8. Skipulag hafna - 2104005HA

Lagður fram til kynningar og umræðu tölvupóstur Majid Eskafi hjá Háskóla Íslands - Umhverfis- og Byggingarverkfræðideild, dags. 22. mars 2021, Post-Doctoral Project Funds, ásamt fylgiskjali.

Formanni falið að ræða málið við Majid Eskafi og taka málið upp á næsta stjórnarfund.

Fundi var slitið kl. 11:45

Lúðvík Geirsson

Eydís Ásbjörnsdóttir

Guðmundur M Kristjánsson

Hanna Björg Konráðsdóttir

Magnús Þór Ásmundsson

Pétur Ólafsson

Rebekka Hilmarsdóttir

Alexandra Jóhannesdóttir

Björn Arnaldsson

Ólafur Þór Snorrason

Valur Rafn Halldórsson